

Reykjavík, 8. ágúst 2017
Tilvísun í mál: R17070106

Til borgarráðs
Ráðhús Reykjavíkur


Efni: Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um þarfagreiningu á hugbúnaði heilbrigðisnefndar.

Vísað er til tölvubréfs, dags. 20. júlí 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Skrifstofu þjónustu og reksturs um svohljóðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

„Tillaga Framsóknar og flugvallarvina um að gerð verði þarfagreining á hugbúnaði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þannig að sem best og skilvirkast verði að halda upplýsingum og tilkynningum til haga svo að nýtist best sem stjórnþæki. Í framhaldinu verði lagðar fram tillögur um hvernig og hagkvæmast sé að bregðast við þörfinni og það sett inn í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018.“

Um þessar mundir er verið er að vinna að undirbúningi innkaupa og innleiðingar á nýjum skjalakerfum fyrir skrifstofur og svið borgarinnar. Undirbúningur hefur staðið yfir í allnokkurn tíma og stefnt er að því að innkaupaferli hefjist á haustdögum. Um er að ræða umfangsmikil og flókin kerfi og því hefur verið lögð mikil vinna í að greina þarfir og óskir mismunandi skipulagseininga borgarinnar. Í þessu þarfagreiningarferli var farið ítarlega yfir kröfur heilbrigðiseftirlits og því er búið að kortleggja þær þarfir sem fram koma í tillögunni. Þarfagreiningin er hluti af þeim gögnum sem notuð verða við val á lausnum fyrir skjalakerfi borgarinnar. Gert hefur verið ráð fyrir kostnaði þessa árs í fjárfestingu vegna nýrra upplýsingakerfa en ljóst er að megnið af kostnaði, m.a. vegna innleiðingar mun falla á komandi ár og hefur ábendingu vegna þess verið komið á framfæri við vinnu við fjárhagsáætlun og þá aðallega í tengslum við þarfir vegna hugbúnaðarfjárfestinga komandi ára. Ný skjalakerfi, sem innifela umrædd kerfi, eru með umfangsmestu og dýrustu kerfa Reykjavíkurborgar.

F.h. Skrifstofu þjónustu og reksturs



Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri